

# Táknafjarðarhreppur

Greinargerð með fjárhagsáætlun  
2014-2017

**Indriði Indriðason**  
*sveitarstjóri*



Fjárhagsáætlun 2014-2017 hefur verið unnin af sveitarstjóra og hreppsnefnd. Á árinu 2013 voru nokkrar framkvæmdir hjá Tálknafjarðarhrepp, s.s borun eftir heitu vatni, sem því miður skilaði ekki tilætluðum árangri, farið var í framkvæmdir í hafnarsjóð og hefur nú verið steipt þekja á gömlu bryggju. Unnið var í leikskólalóð og er þeirri vinnu að mestu lokið.

Unnið hefur verið nokkuð í viðhaldsframkvæmdu í fasteignum, bæði íbúðarhúsnæði skólabyggingu og íþróttahúsi. Haldið verður áfram þeirri vinnu á komandi árum eftir því sem þörf krefur. Vindheimar hafa nú fengið nýtt hlutverk. Þar komin starfsemi félagsmiðstöðvar og félagsstarf eldri borgara, sem áður var í Hvammi og Móbergi. Einnig er ýmis önnur starfsemi í húsinu og er sífellt verið að leita leiða til að nýta húsið betur.

Breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi sveitarfélaga með nýjum sveitarstjórnarlögum. Þar segir að samarlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samarlögðum reglulegum tekjum, og heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Stefnt er að lágmarkun kostnaðar í öllum málaflokkum og stofnunum sveitarfélagsins, en þó verður ekki komist hjá óhjákvæmilegum kostnaðarauka vegna verðlagsþróunar. Sú óvissa sem er á vinnumarkaði er varðar kjarasamninga veikir grunn fjárhagsáætlunar.

Helstu breytingar í rekstri eru:

Í málaflokki 02, félagsþjónusta, búið er að auka við starfshlutfall í félagsstarfi aldraða markmiðið er að auka fjölbreytni í handavinnugerð hjá öldruðum.

Í málaflokki 04, skólamál var gerður samningur við Hjallastefnuna um áframhaldandi rekstur Tálknafjarðarskóla. Samkomulag náðist við Mennta- og menningarmálaráðuneyti um tilhögun skólustarfs á Tálknafirði, en óhætt er að segja að að nokkur óvissa var um framhald af samstarfi við Hjallastefnuna um rekstur Tálknafjarðarskóla. En samningar náðust og starfar skólinn sem þróunarskóli til næstu tveggja ára.

Í málaflokki 09, Skipulag- og byggingarmál, urðu þær breytingar að samstarfssamningur við Vesturbyggð um rekstur á Byggingar- og skipulagsfulltrúa var slitið á árinu, þar sem ekki fékkst starfsmaður til að sinna embættinu. Tálknafjarðarhreppur gerði því samning við Verkís að sinna embætti byggingarfulltrúa og við Landmótun ehf. Vegna verkefna skipulagsfulltrúa.

Á árinu hefur sveitarfélagið unnið að því að selja fasteignir sem sveitarfélagið á. Búið er að selja fimm eignir sem sveitarfélagið átti.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir áframhaldandi halla aðalsjóðs. Aðrir sjóðir í A hluta, auk aðalsjóðs eru Eignasjóður og Þjónustumiðstöð. En saman mynda þessir sjóðir A hluta í rekstri. En gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í A hluta. Í B- hluta er aðrir sjóðir og eru þeir ekki reknir fyrir skttfé heldur er þeim ætlað að standa undir sé með sjálfsaflafé. Gert er ráð fyrir áframhaldandi halla á B- hluta. En í B- hluta eru Hafnarsjóður, Leiguíbúðir, Vatnsveita, Fráveita, Hitaveita og Félagslegar íbúðir. Rekstur Félagslegra íbúða hefur gegnið illa á undanförunum árum, en gert er ráð fyrir áframhaldandi halla þar, þó unnið sé markvist að því að draga úr hallanum.



# Meginniðurstöður fjárhagsáætlunar

Táلكnaffjarðarhreppur

Fjögra ára fjárhagsáætlun 2014-2017

Helstu afkomutölur og efnahagsstærðir í fjögra ára áætlun 2014-2017 má sjá í töflu hér að neðan:

	A-hluti				Samstæða A og B hluti			
	2014	2015	2016	2017	2014	2015	2016	2017
Heildartekjur	230.036	237.333	244.531	251.910	257.443	265.378	273.207	281.231
Afkoma fyrir fjármagnsliði	5.447	10.676	12.079	14.391	12.004	16.738	18.078	20.325
Afskriftir	6.275	6.371	6.625	6.709	10.255	10.935	11.290	11.583
Afkoma ársins	9.498	16.737	18.705	22.425	5.215	11.567	13.774	17.233
Handbært fé	733	238	466	649	815	412	743	1.040
Eigið fé og skuldir	374.678	387.262	402.039	412.493	352.588	355.006	357.801	355.522
Skuldir og skuldbindingar	112.149	107.996	104.068	92.098	153.781	144.632	133.653	114.141
Eigið fé	262.529	279.266	297.971	320.395	198.807	210.374	224.148	241.381
Veltufjármunir	85.411	94.901	106.921	117.398	21.595	21.193	21.271	21.568
Skammtímaskuldir alls	55.339	61.553	68.239	214.838	50.944	53.251	54.511	43.305
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	14.564	21.371	23.527	27.221	18.882	24.812	26.751	30.225
Fjárfestingar	( 8.500 )	( 8.000 )	( 8.000 )	( 3.000 )	( 33.500 )	( 14.000 )	( 14.000 )	( 9.000 )
Greiðslur langtímakrafna	253	253	253	0	253	253	253	0
Ný langtímalán	33.000	0	0	0	33.000	0	0	0
Afborganir langtímalána	( 13.014 )	( 12.789 )	( 11.065 )	( 11.065 )	( 15.574 )	( 15.469 )	( 13.672 )	( 13.929 )
Skammtímalán, breyting	( 3.000 )	4.000	1.000	( 7.000 )	( 3.000 )	4.000	1.000	( 7.000 )
<b>Kennitölur</b>								
EBITDA hlutfall	2,31%	4,38%	4,81%	5,56%	4,48%	6,06%	6%	7%
Eiginfjárlutfall	70%	72%	74%	78%	56%	59%	63%	68%
Skuldahlutfall	49%	46%	43%	37%	60%	55%	49%	41%
Veltufjárlutfall	1,54	1,54	1,57	0,55	0,42	0,40	0,39	0,50
Fjárfesting/heildartekjur	4%	3%	3%	1%	13%	5%	5%	3%

Fjárhagsáætlun 2014-2017 gerir ráð fyrir verðlagshækkunum í samræmi við spár Hagstofu. Gert er ráð fyrir áhrifum verðlagsbreytinga á langtímaskuldir. Í áætlun 2014 er þó gert ráð fyrir hækkun á vöru- og þjónustuliðum upp á 4% og launum upp á 5%.

Gert er ráð fyrir fjárfestingu á tímabilinu að upphæð 81.030 þús. kr. og eru helstu fjárfestingar í endurnýjun á hitaveitulögn og Vatnsveitu. Einnig er gert ráð fyrir fjárfestingu í sundlaug.

Gert er ráð fyrir að framlegð, EBITDA hlutfall verði að meðaltali 4,26% í A- hluta, og 5,96% í samstæðu A og B hluta. Gert er ráð fyrir að eiginfjárlutfall verði í lokin um 68%.